

## 7. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

12. júlí 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

**Mætt eru:** Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Páll Marís Pálsson (PMP) og Inger Erla Thomsen (IET) í gegnum Skype, ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

*Fundur settur 18:34*

### Dagskrá:

- Formaður LUF fékk boð á hátíðarþingfund í tilefni af 100 ára fullveldisafmælis Íslands.**
- Fundargerðir til samþykktar:**
  - [Fundargerð](#) 3. stjórnarfundar var samþykkt.
  - [Fundargerð](#) 4. stjórnarfundar var samþykkt.
  - [Fundargerð](#) 1. fulltrúaráðsfundar var samþykkt.
- Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
  - Kæra vegna RSK málsins barst atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 15. júní. SHB segir fjölmiðla hafa sýnt málinu áhuga og samþykkt var að veita þeim upplýsingar sé þeirra óskað.
  - Svör frá Æskulýðssjóði: LUF hlaut 1.380.000 kr. fyrir #ÉgKýs í Sveitarstjórnarkosningum og 350.000 kr. fyrir Þjálfaraliði LUF.
  - Sbr. ákvörðun stjórnar á 6. stjórnarfund (dagskrárliður 6.) hefur TI veitt Samfés aðstoð undanfarna daga vegna synjunar á umsókn í Æskulýðssjóð
- Fréttatilkynning um aðild Hugrúnar að LUF** var samþykkt til birtingar á vefnum.
- Beiðni frá SÍF:** Um aðstoð vegna fjárhagslegs óstöðugleika. Samþykkt var að TI verji tíma í að aðstoða SÍF í samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Útgáfa nýrrar [stefnu](#)** með enskri þýðingu var samþykkt.
- Leiðtogaskólinn:**
  - TI setur upp fjárhagsáætlun, fundar með Gumma um framhaldið og aðkomu hans að skólanum.
  - Aðgerðaráætlun með tímaramma verður tilbúin til samþykktar á næsta stjórnarfund.
  - Mögulegt samstarf við AUS var samþykkt og var TI falið að funda með fulltrúum AUS.
- Alþjóðamál:**
  - NBC fundur í Danmörku:** Ákveðið var að MÖÓ fari fyrir hönd LUF.
  - Fundarbeiðni til Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi** hefur verið send en framkvæmdastjórinn er í fríi til 15. ágúst.

- c. „EU Youth Conference“ í Vínarborg: Ákveðið var að RKF fari fyrir hönd LUF.

9. Næsti stjórnarfundur: 31. júlí kl. 18:15.

10. Önnur mál:

- a. SHB tilkynnir að hann verði erlendis sept-des. Ákveðið var að LMJ stýri fundum á meðan.
- b. Fjallað var um skort á heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka í samhengi við kæru vegna synjunar frá RSK. Ákveðið var að ræða mögulega aðild LUF að Almannaheillum á næsta fundi.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:00*

*TI ritaði fundargerð.*